

SSSól Midgardur Laugardagskvöld 15. maí



LISTSÝNING



STUNDIN ER RUNNIN UPP

Sýning á Kenjunum, frægri koparstunguröð eftir Francisco de Goya, verður opnuð í Listasafninu á Akureyri í dag.

Goya vekur enn hörð viðbrögð

Maður getur séð það svolítið á viðbrögðum fólks við þessum verkum Goya hvar það er stött í lífinu,“ segir Javier Blas, sem er yfirmaður svartlistasafnsins Calcografía Nacional í Madrid. Hann er hingað kominn til að fylgja eftir sýningu á Kenjunum, eða Los Caprichos, eftir spænska listamanninn Francisco de Goya. Þær verða til sýnis í Listasafninu á Akureyri fram í júlímánuð.

„Sumum finnst þessi verk greinilega óþægileg enn þann dag í dag, og það sýnir betur en nokkuð annað að þetta er list sem á erindi á öllum tímum. Þau vekja enn hörð viðbrögð.“

Myndröðin Kenjarnar, sem samanstendur af áttatíu koparstungum frá árinu 1799, er eitt frægasta listaverk Goya.

Hann gerði þessar myndir í einangrun á efri árum, bitur úr í samfélagið og hafði algerlega misst trú sína á mannkynið. Verkin endurspeglar þessa sýn hans á umheiminn með afar áhrifaríkum hætti.

Aðeins örfá frumþrykk eru til í heiminum af þessari þekktu myndröð. Þau eru vandlega

geymd og sárasjaldan lánuð út, þótt eftirgerðir þeirra séu víða til.

„Við ákváðum að koma með frumþrykkin hingað til lands vegna þess að þetta er í fyrsta sinn sem við komum hingað og þegar maður heimsækir einhvern í fyrsta sinn langar mann til að sýna það besta sem maður á.“

Auk frumþrykkjanna verða til sýnis flennistórar andlitsmyndir úr Kenjunum, sem stækkaðar hafa verið stafrænt upp í næstum fjóra fermetra og þrykkt á eðalpappír.

„Þetta eru litlar andlitsmyndir, sem sumar eru ekki stærri en mannsnögl í verkum Goyas. Þessar stækkuðu myndir hafa verið sýndar víða en við höfum aldrei sýnt þær með frumþrykkjunum fyrr en núna. Sjálfur er ég mjög spenntur að sjá þetta tvennt saman.“

Sýningin verður opnuð í Listasafninu á Akureyri í dag. Á sýningunni mun spænski flamencodansarinn Minerva Iglesias stíga á stökk, en klukkan 13 heldur Guðbergur Bergsson fyrirlestur um Kenjarnar í Deigluinni. ■

TÆKIN Í FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐINUM ERU KOMIN ÚT!

★ Krakkafoss ★ Klessubátar ★ Torfærubílar ★ Umferðar-
fræðslubraut ★ Cocoa Puffs lest ★ Hringekja ★ Fallturn

Einkunnarorð Fjölskyldu- og húsdýragarðsins eru:
● að sjá ● að læra ● að vera ● að gera.

Opið alla daga frá 10.00 - 18.00. Verið velkomin!

SUMARDAGSKRÁ	13:30 Klapphorn hjá kaninum.	16:30 Hestar, kindur og geitur settar í hús.
10:45 Hreindýrum gefið.	14:00 Svinum hleypt út ef veður leyfir.	17:00 Svinum gefið.
11:00 Selum gefið.	16:00 Selum gefið.	17:15 Mjaltir í fjósi.
12:00 Refum og minkum gefið.	16:15 Dýrum í smádyrahúsi gefið.	17:45 Refum og minkum gefið.

AÐGANGSEYRIR				
Virka daga	Um helgar og frídaga		Skemmtimiðar*	
Börn 0-4 ára	0 kr.	Börn 0-4 ára	0 kr.	1 stk. 170 kr.
Börn 5-12 ára	350 kr.	Börn 5-12 ára	450 kr.	10 stk. 1500 kr.
Fullorðnir	450 kr.	Fullorðnir	550 kr.	20 stk. 2800 kr.
Öryrkjar	0 kr.	Öryrkjar	0 kr.	Dagpassi 1700 kr.
Ellilífeyrisþegar	0 kr.	Ellilífeyrisþegar	0 kr.	

*Skemmtimiðar fást á öllum sölustöðum innan garðsins


FJÖLSKYLDU- OG
HÚSDÝRAGARÐURINN
Sími 575 7800 • www.mu.is



100% HITT

með Helgu Brögu

Í tónlistarhúsinu Ymi, Skógarhlíð 20
Sýningin hefst kl. 20:00

BANNAÐ INNAN 16

Næstu sýningar:

Landsbyggðin	Reykjavík
mið. 19. maí. Selfoss	fös. 21. maí. Rvk. Ymir
lau. 29. maí. Blönduós	SÍÐASTA SÝNING
lau. 12. jún. Flúðir	Örfá sæti eftir 21.maí (Engar aukasýningar)
SÍÐASTA SÝNING	

Aðeins 1 sýning eftir í Rvk.

Miðasala sími: 662-5000 • www.100hitt.com